



Reykjavík, 6. nóvember 2019

SFS2019100041

174. fundur

HG/hþh

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Akstur fyrir nemendur í Kelduskóla*

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa lagt fram tvær tillögur er varða þjónustubrest vegna skólaaksturs í Grafarvogi. Tillögurnar eru svohljóðandi:

*Í ljósi útrekaðs þjónustubrests vegna skólaaksturs í Grafarvogi er lagt til að farið verði yfir öll þau tilvik þar sem um þjónustubrest er að ræða. Þá er lagt til að skerpt verði á því að upplýsingar til foreldra berist eins fljótt og auðið er þegar skólabílnum seinkar eða um þjónustubrest er að ræða. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði falið að ræða við fyrirtækið sem sér um aksturinn til að gera athugasemdir, fara fram á úrbætur og tryggja að hægt verði að reida sig á þjónustuna framvegis. Þá er brýnt að til staðar sé viðbragðsáætlun sem virkjast ef skólaakstur bregst einhverra hluta vegna.*

*Á síðasta fundi skóla- og frístundaráðs 8. október sl. lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks fram tillögu um úrbætur á skólaakstri í Grafarvogi. Tillögunni var frestað og vekur furðu að hún hafi ekki ratað inn í dagskrá fundarins í dag. Það er til marks um að meirihlutinn telur málið ekki brýnna en svo að tillagan er enn í frestun. Frá því að tillagan var lögð fram hafa borist upplýsingar um að enn sé skólaaksturinn í ólagi og ferðir fallið niður. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins útreka að bregðast þarf strax við og koma skólaakstrinum í lag. Jafnframt er óskað eftir því að tillagan verði tekin til afgreiðslu á næsta fundi ráðsins.*

Skóla- og frístundasvið hélt fund með fulltrúum Teits Jónassonar ehf (TJ) vegna ábendinga er varða skólaakstur fyrir Kelduskóla 29. október 2019.

Sjö atriði voru sérstaklega rædd byggt á ábendingum.

1. Ábending kom um að bíll hefði ekki stoppað á öllum stöðum þann 26. ágúst 2019. Þetta var borið undir fulltrúa TJ og þeir skoðuðu ökuferil viðkomandi bíls í rafrænni ferliskrá. Samkvæmt TJ sýndi ökuferilsskráin að bíllinn stoppaði fyrst við skólabyggingu en ekki á stoppistöð við götuna sem liggur meðfram skólalóðinni. Var leiðrétt á öðrum aksturdegi þegar bílstjóri fékk í hendur nákvæmari lýsingu á tilhögun skólaakstursins.
2. Ábending um að bíll hefði ekki komið þann 7. október og 11. október 2019. Það reyndist rétt þ.e.a.s. bíll sem geymdur er á nóttinni í hverfinu var rafmagnslaus að morgni. Mistök voru gerð þegar gengið var frá bíl í dagslok deginum áður. Þetta orsakaði tafir og því

kom bíll ekki á tilsettum tíma. Fulltrúar TJ hafa yfirfarið viðbragðsáætlun og staðsetningar varabíla. Þetta hefur ekki endurtekið sig.

3. a. Ábending kom þann 15. október 2019 um að bíll væri um 19 ára gamall. Viðkomandi bíll var ekki á vegum TJ. Rætt verður við viðkomandi rútuþyrirtæki sem var að sinna öðrum akstri en skólaakstri.
- b. Ábending þann 15. október 2019 um ryðgat í lest bíls. Í ljós kom að viðkomandi bíll var ekki að sinna skólaakstri heldur hópferð sem ekki var á vegum skólans.
- c. Ábending þann 15. október 2019 um slæma lykt. Tengist bíl sem ekki var í skólaakstri á vegum TJ.
4. Ábending kom um að bíll hefði ekki stoppað á öllum stöðum þann 22. október 2019. Þetta var borið undir fulltrúa TJ og þeir skoðuðu ökuferil viðkomandi bíls í rafrænni ferliskrá. Samkvæmt TJ sýndi ökuferilsskráin að bílinn stoppaði á öllum stoppistöðvum.
5. Ábending þann 23. október 2019 um að afturhurð hefði bilað. TJ staðfesti að „Relay“ hefði bilaði og var því skipt út samdægurs.

TJ bauð að foreldrar gætu nýtt u.þ.b. fimm ónotuð sæti í bílnum ef þeir vildu kynna sér framkvæmd skólaaksturs.

Haldinn verður annar fundur með fulltrúum TJ og viðbrögð við ábendingum yfirfarin.

Mynd af bifreið sem notuðu er ásamt skráningarupplýsingum:



**Niðurstaða leitar:**

Tegund:	KING LONG - XMQ (Hvítur)
Skráningarnr:	NKB86
Fastanr:	NKB86
Verksmiðjunr:	LA6RIKSS8DB101026
Fyrst skráð:	07.06.2013
CO2-gildi (NEDC):	
Vegla CO2-gildi (NEDC):	
CO2-gildi (WLTP):	
Vegla CO2-gildi (WLTP):	
Eigin þyngd:	14.100 kg
Leyfð heildarþyngd:	19.000 kg
Staða:	Í lagi
Næsta skoðun:	01.06.2020

Mynd sem tekin er inni í bílnum:

